

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð hins íslenska kvenfélags, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. desember 1962. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð hins íslenska kvenfélags.

1. gr.

Hið íslenska kvenfélag gefur hér með Háskóla Íslands sjóð, sem nemur 4.000 krónum í bankavaxtabréfum Landsbankans og 143 kr. 64 a. í sparisjóðsbók, samtals 4.143 kr. 64 a., með þeim skilmálum, er hér segir:

2. gr.

Sjóðurinn heitir „Háskólasjóður hins íslenska kvenfélags.“.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þeir menn, er sitja í Háskólaráðinu á hverjum tíma sem er. Stjórnendur skipta með sér starfinu innbyrðis.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á jafntryggilegan hátt og fé ómyndugra.

5. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða og enn fremur skal leggja fjórðung vaxtanna við höfuðstólinn árlega.

6. gr.

Þeim hluta vaxtanna, sem ekki er lagður við höfuðstólinn, skal varið til að styrkja efnilega kvenstúdenta til náms við Háskóla Íslands. Háskólaráðið ákveður hverjir stúdentar skuli verða styrksins aðnjótandi. Engum stúdent má veita styrk úr sjóðnum, sem ekki hefur notið kennslu við Háskóla Íslands í tvö misseri. Styrkurinn skal veittur einu sinni á ári.

7. gr.

Þegar ársvextir af sjóðnum eru orðnir 1.000 krónur, má verja meiru eða minna af þeim vöxtum, er úthluta má, til að styrkja efnilega kvenkandidata frá Háskóla Íslands til framhaldsnáms í útlöndum.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari, og fellur þá úr gildi skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð hins íslenska kvenfélags, birt í Stjórnartíðindum 1916.